

Reykjanesbær, 3. febrúar 2021

**Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðstjóri  
Ráðhús Reykjanesbæjar  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbæ

**Varðar: Beiðni um að setja upp sparkvöll á Ásbrú.**

Ég undirritaður fyrir hönd Tomasz Maciejewski vill kanna áhuga umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar að uppsetningu á sparkvelli á Ásbrú.

Hér á svæðinu er mikill áhugi fyrir sparkvelli og mikil vöntun á slíkri aðstöðu. Yfir 4.000 manns eru nú á svæðinu og þörf á svona öruggu og skemmtilegu leiksvæði. Ákall er frá íbúum svæðisins að sparkvelli verði komið upp sem fyrst.

Á Ásbrú er því miður ekki mikið um að vera fyrir áhugasama um íþróttaiðkun, og langt að fara á þau svæði sem eru fyrir.

Við leggjum til að reistur sé sparkvöllur fyrir neðan skrifstofur Kadeco þar sem heyrst hefur að eigi að byggja nýjan Grunnskóla fyrir Ásbrúarsvæðið.

Einnig viljum við leggja höfuðáherslu á að sparkevllinum verði komið fyrir sem fyrst, hugmyndin er svipað stór sparkvöllur og er til dæmis við Heiðarskóla.

Tomasz hefur sent pósta og erindi útum allt og komið í viðtal hjá Ruv og margir sem sýna verkefninu áhuga.

Þar sem ég veit að umhv og skipulags nefnd hefur oft rætt að þetta þurfi ætti þetta að vera létt verk og löðurmannlegt.

Einnig gæti verið hægt að fá stærri fyrirtæki á svæðinu að verkefninu ef áhugi er, td Kadeco, Ásbrú Íbúðir, og margir fleiri sem boðist hafa til að hjálpa, til dæmis hafa 19 manns skráð sig sem sjálfboðaliða ef þarf til að koma vellinum saman.

Varðandi nánari stærð vallar og staðsetningu höfum við áhuga á fundi með Umhverfis og skipulagsnefnd til þess að kynna verkefnið.

Virðingarfyllst,

---

Guðbergur Reynisson  
Formaður ÍRB  
[beggireynis@simnet.is](mailto:beggireynis@simnet.is)  
s: 825-0011

Móttakið f.h. Umhverfis- og skipulagsráðs  
Reykjanesbæjar

---